


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Uppeldisfræði 203 (UPP 203) Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3		

Kennari	Valgerður Dögg Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið í hvað einkennir uppeldismál á Íslandi og hlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla eins og þau koma fram í opinberum gögnum. Farið er yfir hugmyndafræði, markmiðssetningu og skipulag valinna uppeldis- og/eða menntunarstofnana. Nemandinn kynnir sér áhrifaþætti í uppeldi barna, s.s. listir, barnaheimspeki, fjölmiðla, tölvunotkun, ólíkar þroskahamlanir, áföll og kvíðavalda. Nemandinn kynnir sér lagalegan rétt barna, bæði á Íslandi og annarstaðar, hverjum beri að gæta réttinda þeirra og þær stofnanir sem fara með mál barna. Nemandinn kynnir sér merkingu uppeldisfræðilegra hugtaka s.s. greind, agi, klámvæðing, forvarnir og jafnrétti. Áhersla er lögð á sjálfstæði nemanda og samvinnu við skipulagningu og upplýsingaleit. Nemandi hefur nokkurt val um viðfangsefni og er ætlað að kynna niðurstöður verkefna sinna fyrir öðrum.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- markmiðum leik-, grunn- og framhaldsskóla
- eftirliti og umsjón með uppeldi barna á Íslandi
- réttindum og skyldum barna og unglinga skv. lögum
- ákveðnum áhrifaþáttum í uppeldi, bæði jákvæðum og neikvæðum
- nokkrum hugtökum sem tengjast umhverfi barna og unglinga
- mikilvægi góðs undirbúnings hvað varðar upplýsingaöflun og skipulag
- helstu hugtökum og kenningum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða innra starf leik-, grunn- og framhaldsskóla og þeirra stofnana sem gæta hagsmuna barna og unglinga
- greina einkenni samskipta- og agavandamál
- lesa og skilja Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnaverndarlög
- beita hugtökum á skýran og skilmerkilegan hátt
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um uppeldisleg málefni
- miðla fræðilegu efni í ræðu og riti
- beita grundvallaraðferðum í forvörnum

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:


- afla sér upplýsinga um uppeldis- og menntamál, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- meta aðbúnað barna og unglinga út frá sáttmálum, lögum og reglugerðum
- meta siðferðileg álitamál í tengslum við uppeldi og menntun

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS	Uppeldisfræði 203 (UPP 203)	
Síða 2 af 3	Námsáætlun haustönn 2015	

- sýna frumkvæði og hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum í verkefnum og í prófum
- kynna verkefni á skapandi hátt
- meta eigin frammistöðu og annarra á gangrýninn hátt

Áætlun um yfirferð:

	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34	Kynning á áfanga.	
35	Vangaveltur um námsþætti + nauðsynleg hugtök uppeldisfræðinnar.	Upphaf hugleiðingabókar (30%) Lokaskil: Föstudaginn 26. okt.
36 – 37	Jákvæðir áhrifaþættir á uppeldi barna og unglunga: listir, bækur, heimspeki, fjölmiðlar, tölvan, íþróttir, mataræði, agi o.fl.	Verkefni 5% Utanaðkomandi fyrirlestur.
38 – 39	Kynningarverkefni (umfjöllunarefni opið).	Heildarverkefni 15%
40	Neikvæðir þættir í uppeldi barna: geðræn vandamál, ofbeldi, vanræksla, sorgarferli o. fl.	Verkefni 5% Utanaðkomandi fyrirlestur.
41	Úrræði samfélagsins fyrir börn sem eiga við ýmis vandamál að glíma s.s. geðraskanir, hegðunarvanda og aðrar greiningar.	Verkefni 5% Rannsóknir á hinum ýmsu stofnunum sem veita börnum og unglungum aðstoð og umræður.
42 – 43	Geðraskanir barna og unglunga – Heilsueflandi framhaldsskóli: Geðrækt og lífstill.	Verkefni 10% Upplýsingaöflun og umræður. Utanaðkomandi fyrirlestur.
43 – 44	Hvað sem er... val nemenda... Könnun úr völdu efni.	Könnun 10% Skila hugleiðingabók 26. okt.
45	Undirbúningur lokaverkefnis og þankahrið.	Velja viðfangsefni og skipuleggja vinnu við lokaverkefni.
45	Skipulagðar leiðir samfélagsins í uppeldi. Menntastofnanir: dagmæður, leiks-, grunn-, framhalds- og háskólar og aðrar slíkar stofnanir. Heimsókn frá leikskóla.	Athugun á námskrám skólastiganna. Umræður um styttingu framhaldsskólanna og aldurstakmörk í þá.
46 – 47	Vinna og kynning á lokaverkefni.	Lokaverkefni 20% Lokaskil: mánudaginn 27. apríl.
48 – 49	Umfjöllun um ýmis málefni liðandi stundar, sem tengjast uppeldi með einhverjum hætti.	Umræður Málþing

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS	Uppeldisfræði 203 (UPP 203)	
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		
Námsáætlun haustönn 2015		

Með fyrirvara um breytingar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Hugleiðingabók.	Hugleiðingar um hin ýmsu málefni sem tengjast uppeldisumræðu.	30%
Könnun.	Hér taka nemendur könnun úr fyrirfram ákveðnum þáttum.	10%
Kynningarverkefni	Skýrsla og kynning	10%
Verkefni um áhrifaþætti í uppeldi.	2 verkefni, annars vegar um góða áhrifaþætti í uppeldi og hins vegar um þá slæmu þætti sem geta haft áhrif á uppeldi barna.	Hvort um sig 5%
Verkefni um geðraskanir.	Verkefni um áhrif geðraskana, hvort sem er um að ræða foreldri/forráðamann eða barn) á umhverfi þeirra. Unnið í tengslum við verkefnið: Heilsueflandi framhaldsskóli.	10%
Verkefni um úrræði fyrir börn í vanda.	Verkefni um þau úrræði sem samfélagið býður börnum og unglingum upp á sem eiga í vanda t.d. hvaða stofnanir fást við málefni af þessum toga.	5%
Lokaverkefni	Nemendur fá frjálssar hendur.	20%
Frammistaða á önn	Ástundun og virkni.	5%

Verkefnaskil:

- Verkefni skal vinna af vandvirkni (inn á moodle).
- *Verkefni skal skila á tilsettum tíma (sjá fylgiblað).*
- *Nemendur verða að skila öllum verkefnum inn á moodle (undantekningar með lokaverkefni).*
- **Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum áfangans til að geta lokið honum. Ef um er að ræða réttmæta fjarvist finna kennari og nemandi úrlausn í þeim tilfellum.**

Tæknin:

- Tövlur, símar og annað slíkt er aðeins leyft sem námstæki, samvinna nemenda og kennara.

Valgerður Dögg Jónsdóttir (vala@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils